



Reglur fyrir malbikaða gámasvæðið í Vopnafjarðarhreppi

1.gr. Umsókn um geymslusvæði á skipulögðum gámasvæðum

Sótt skal um geymslusvæði á malbikaða gámasvæðinu á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps. Fram komi nafn, heimilisfang og kennitala umsækjanda. Tilgreina skal áætlaðan leigutíma og tegund geymslu. Umsóknarblað skal vera undirritað af umsækjanda. Við úthlutun geymslusvæðis skal leigutaki undirrita leigusamning. Úthlutun geymslusvæðið er framkvæmd í samráði við hafnarvörð. Leigutaka er óheimilt að endurleigja plássið til annarra.

2.gr. Leigutími

Leigutími er til eins árs í senn. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 3 mánuðir miðað við 1. hvers mánaðar. Hafi hvorugur samningsaðili byggt á því að leigusamningur sé niðurfallinn innan þriggja mánaða frá lokum gildistíma, skal samningurinn framlengjast sjálfkrafa um eitt ár, talið frá lokum gildistíma samningsins.

3.gr. Gjaldtaka

Leigugjald er innheimt í lok hvers tímabils. Verði áætlaður leigutími styttri en samningur hljóðar upp á skal greitt hlutfallslega m.t.t. leigutímans.

Skrifstofa Vopnafjarðarhrepps sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum reiknast dráttarvextir af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingar nr. 38/2001.

4.gr. Leigugjald

Leiga á geymslusvæði á malbikaða gámasvæðinu er í samræmi við gjaldskrá Vopnafjarðarhafnar. Gjaldskrá stöðuleyfa tekur breytingum árlega.

5.gr. Kröfur um hluti og búnað sem geymdir eru í gámunum

Hlutir og búnaður sem eru geymdir í gámunum mega ekki innihalda mengandi efni sem hætta er á að berist um svæðið og umhverfi þess. Leigutaki þarf að ganga þannig frá að ekki skapist slysa eða fokhætta.

6.gr. Ábyrgð leigutaka

Leigutaki ber einn ábyrgð á þeim munum sem hann geymir á svæðinu. Gámar á geymslusvæðinu skulu vera snyrtilegir.

7.gr. Umgengni

Leigutaka er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið. Leigutaki skal gæta þess að valda ekki öðrum leigutökum ónæði eða óþægindum t.d. með því að hefta aðgengi að öðrum leigureitum. Óheimilt er að geyma hluti við eða ofan á gámum sem eru í geymslu á svæðinu. Gámasvæðið er eingöngu fyrir gáma.

Brot á ofangreindu varða ákvæði í 2.6.2. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 17.maí 2023.